Ábyrgð Virðing Vinátta

Síðuskóli

# Námsáætlun danska
# 9. bekkur 2024 -2025

**Kennarar/teymi:** Heiða Björg Guðjónsdóttir og HjördíS Ragna Friðbjarnardóttir

**Viðfangsefni/verkefni:**

- **TAK les/vinnubækur.** Einstaklingsvinna.  TAK, vinnubók B.
- **Fréttamiðlar:** Einstaklingsvinna. Nemendur lesa fréttir á dönsku og skrifa um þær, á íslensku, og söfnuðu í skjal.
- **Kvikmyndir/þættir:** Tarzan og vinna stutt eyðufyllingarverkefni í kjölfarið. “Einföld” og skýr danska í Disney myndunum. Einfaldur orðaforði og skýrt talmál.
- **Ljósmyndamaraþon** að vori til. Hópverkefni. Nemendur taka myndir af ýmsu í nærumhverfinu (fengu lykilorð) og þurftu að skrifa við hverja mynd. Kynntu svo fyrir bekknum.
- **Málfræði**. Grammatik. Einstaklingsvinna. Upprifjun nafnorð, lýsingarorð. Farið yfir persónufornöfn (eintala/fleirtala).Fleirtala nafnorða. Sagnir (nútíð/þátíð). Óreglulegar sagnir.
- **Frjálst verkefni.** Einstaklingsvinna.
- **Vis og fortæl:** nemendur finna eitthvað til að segja frá - hvort sem það er hlutur eða einhver minning.  Skrifa um þennan hlut og kynna fyrir bekknum. Koma með hlutinn eða gera glærur.
- **Samtalsverkefni**: paravinna.
- **Ýmsar ritanir:** Min juleferie, kvikmyndagagnrýni og fleira.
- **Lokaverkefni**. Öll gögn leyfð. Lesskilningur, þýðingar, para saman orð, ritun.

**Markmið:**

| 1. Hlustun |
|---|
| Getur skilið talað mál um efni sem varða áhugamál og daglegt líf. |
| Nemandi skilur meginatriði samtala/viðtala um efni sem tengist hans daglega lífi eða námi og getur nýtt sér munnlega og skriflega. |
| Nemandi er fær um að fylgja eftir efni líðandi stundar sem höfðar til hans og unnið með efnið á annan hátt. |
| Nemandi getur hlustað eftir nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, líkt og leiðbeiningar við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með |

| |
|---|
| orðum/athöfnum. |
| 2. Lesskilningur |
| Nemandi getur lesið og skilið megininntak í einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla. |
| Nemandi getur lesið einfaldan texta eða bækur, sem höfða til ungs fólks, sér til skilnings og unnið með efnið. |
| Nemandi getur lesið og skilið megininntak í einföldum frásögnum dagblaða eða netmiðla. |
| 3. Samskipti |
| Nemandi er fær um að eiga í einföldum samræðum. |
| Nemandi hefur ágætan orðaforða. |
| Nemandi getur dýpkað orðaforðann um efni sem er unnið með hverju sinni. |
| Nemandi er fær um að taka þátt í samskiptaleikjum og getur unnið samtalsæfingar. |
| Nemandi er fær um að svara spurningum sem tengjast námsefninu. |
| 4. Frásögn |
| Nemandi er fær um að segja frá fjölskyldu sinni, reynslu og eigin skoðunum í einföldum setningum. |
| Nemandi getur flutt einfalda kynningu á undirbúnu efni. |
| 3. Ritun |
| Nemandi býr yfir ágætum orðaforða og kann helstu málfræðiatriði. |
| Nemandi getur skrifað samfelldan texta um eitthvað sem hann þekkir. |
| Nemandi getur skrifað einfaldar setningar og stutta frásögn um viðfangsefni sem unnið er með. Án hjálparmiðla. |
| Nemandi kann helstu orðasambönd. |
| Nemandi getur svarað spurningum úr texta. |
| 4. Menningarlæsi |
| Nemandi kynnist danskri menningu og hefðum í gegnum tónlist, kvikmyndir og vefmiðla á Norðurlöndum. |

| |
|---|
| Nemandi getur greint mun á Norðurlandatungumálum. |
| 4. Námshæfni |
| Nemandi kann að nýta sér orðabækur og leitarvélar við þýðingu texta. |
| Nemandi er fær um að fara yfir verkefni sín og annarra. |
| Nemandi tekur ábyrgð á eigin námi og skilar verkefnum. |
| Nemandi getur lesið sjálfstætt og með öðrum. |
| Nemandi getur fundið lykilatriði í texta sem tengist náminu. |
| Nemandi getur parað saman orð - til dæmis andstæður orða. |

**Námsefni til grundvallar:**

- TAK - lestrar- og vinnubók
- Grammatik - handbók um danska málfræði
- Samskiptaleikir
- Dönsk menning
- Lesskilnings & ritunarverkefni
- Málfræði og málnotkun
- Kvikmyndir og þættir
- Efni frá kennara
- Ýmislegt efni af vef, t.d. danskir fjölmiðlar.

**Leiðir að markmiðum:**

- Leitast verður leiða til að efla nemendur í að tala og tjá sig á dönsku.
- Nemendur þjálfast í málfræði, lesskilningi, ritun og hlustun.
- Para- og hópvinna
- Samvinnunám
- Bein kennsla
- Samskiptaleikir

**Afurð / námsmat:**

- Markmið á hæfnikorti
- Skapandi skil
- Verkefni á Classroom
- Verkefni frá kennara

- Kannanir
- Skilaverkefni
- Munnleg próf
- Sjálfsmat og jafningjamat
- Lokaeinkunn